

Sumir menn eru líkir þy whole runnum. Þá langar að eins til að klóra í aðra og rífa þá. Þeir hafa gaman af því. Gaman af að meiða þá og særa. Aðrir hafa gaman af að skenima, rífa og tæta alt sundur. Ætla sér ekki að gera neitt gott með því eða hafa gagn af því. Rífa að eins til þess að rífa. Það er þeim svo mikil ánægja. „Svei, svei! Það er ljótt!“—segir þið. Já, víst er það ljótt. En þið megið þá aldrei líkjast þy whole runnum, börn.

---

### Sögur um dýr.

Eftir handriti H. Kr. Fr.

#### II.

Einhverju sinni var tollheimtumaður einn í Helsingjaeyri á Sjálandi. Hann átti two veiðihunda. Einu sinni var það, er hann sat í tollgjaldskúsinu, að annar hundurinn kom hlaupandi til hans, og var mjög órór, og létt ýmsum láatum, sem vildi hann fá húsbóna sinn til að fylgja sér. Maðurinn gerði það að síðustu, þá er hann skildi, hvað hundurinn vildi. Hundurinn hljóp fyrir, uns hann kom að viggirðingunum umhverfis Krónuborg, er stendur rétt hjá Helsingjaeyri. Hinn hundurinn var þar fastur í dýraboga, er hafði verið lagður þar.

#### III.

Maður er nefndur Görkingk; hann átti heima á Pýskalandi. Hann var embættismaður. Árið 1726 var hann skipaður í nefnd eina og skyldi hún eiga fund með sér í bæ einum litlum, sem nefndur er Gattersleben, og hélt hví Görkingk þangað. Hann átti hund einn svartan, stóran vexti, og var hann mjög fylgispakur við húsbóna sinn. Hundur þessi hafði hlaupið á eftir honum, svo að hann ekki vissi. Þá er Görkingk sat að miðdegisverði ásamt hinum nefndarmönnum, kom hundurinn inn í stofuna, þar sem þeir sátu, snuðraði upp húsbóna sinn og tók að gelta ákaflega. Görkingk bauð hljóni sínum að reka hundinn út, en þá tók hundurinn að urra, og létt sem hann myndi bíta þjóninn, hljóp til húsbóna síns, gelti í sífellu, og beit í kjól hans, eins og hann vildi fá hann til að standa upp. Það var rétt að honum kjötstykki, en hann þáði það ekki, og hætti ekki að ónáða húsbóna sinn. Að síðustu tók Görkingk eftir, að hundurinn var alvotur. Datt honum þá í hug, að einhverjar sérlegar ástæður hlytu að vera til þess, að hundurinn væri svo órór. Hann stóð hví upp frá borðum, og bjóst að fylgja honum. Þá er hundurinn sá það, gerðist hann þegar rór, stökk